

Sp. 1003. Tillaga til þingsályktunar

um ábyrgð rikissjóðs fyrir rafveitu Húsavíkur.

(Eftir fyrri umr.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Húsavíkurkaupþún, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, allt að 1½ millj. króna lán til að stækka rafveitu Húsavíkur, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði.

Jafnframt fellur niður ábyrgðarheimild sú fyrir láni til sömu framkvæmda, er ríkisstjórninni var veitt 3. des. 1943.

Ábyrgð rikissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem ráðuneytið samþykkir.